

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 3. desember 2012 kl. 16.30



Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Hörður Sigurharðarson Áslaug Kristjánsdóttir og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri. Ármann Ketilsson boðaði forföll

1. Afmælisfundur ÍBA

Afmælisfundur ÍBA verður haldinn fimmtudaginn 20. desember kl. 12.00, er bandalagið verður 68 ára gamalt. Ákveðið var að bjóða bæjarstjóra, formanni ÍRA, fráfarandi formanni ÍRA og Íþróttafulltrúa á fundinn.

2. Önnur mál

Rætt var um verkefni VMÍ og Margrét sagði frá síðustu tveimur stjórnarfundum sem hún sat sem varamaður fyrir Pröst.

Haukur sagði frá fundi með Fasteignum Akureyrar og UFA um Bogann og aðstöðumál. Hann sagði fundinn hafa verið jákvæðan, verið væri að leita lausna um úrbætur s.s. með öryggispúða á súlur, kastnet og breytingu á sandgryfju úti.

Pröstur sagði frá aðalfundi Golfklúbbs Akureyrar sem hann sótti.

Margrét og Áslaug sögðu frá aðalfundi Hestamannafélagsins Léttis sem þær sátu.

Pröstur sagði frá fundi með formanni ÍRA, Bæjarstjóra og Íþróttafulltrúa um greiðslu húsnæðisstyrks fyrir aðstöðu fyrir æfingar í keilu. Verið er að vinna í málinu og hugur í keilumönnum að hefja barna og unglिंगastarf en ÍBA leggur ekki til húsnæðisstyrk nema barna- og unglिंगastarf sé virkt. Ákveðið hefur verið að ÍRA leggi starfseminni lið til að byrja með og hún verði síðan tekin út eftir 4 mánuði og þá tekin afstaða til frekari styrkveitingar.

Neikvætt svar barst við umsókn ÍBA til Menningarsjóðs KEA um styrk til ritunar á sögu Akureyrarbæjar. Ákveðið var að fara af stað eftir áramótin og sækja um styrki til Akureyrarbæjar, KEA, Ráðuneyta ofl. Stefnt verði að því að sagan verði gefin út á 70 ára afmælisári ÍBA árið 2014.

Ákveðið var að fá Ómar Braga Stefánsson til að koma á fyrsta fund þann 7. janúar á nýju ári til að fræða stjórnarmenn um framkvæmd ungmennafélagsmóta.

Hvatt var til að ýta á eftir aðildarfélögum að tilnefna íþróttamann ársins í sínu félagi.

Pröstur sagðist vera að fara af stað að safna saman mætingar skráningum í október og nóvember í húsunum. Stefnt er síðan að því að upplýsingarnar verði teknar saman og yfirfarnar á fundi með fulltrúum ÍRA.

Hörður sagði frá því að það væri settur á handboltaleikur í Íþróttahöllinni á föstudeginum 26. apríl sem er einn af Andrésar andar dögum. Áfram verður unnið í því að reyna að breyta.

Magnús óskaði eftir því að hafa fundardagskrá nákvæmari í fundarboði og minnti á starfsreglur stjórnar. Ákveðið var að umfjöllun um þær yrðu á dagskrá fundarins 7.janúar.

Haukur sagði frá því að samkvæmt framlögðum fjárlögum yrði líklega einhver smá aukning á framlagi Ríkissjóðs í ferðasjóð og afrekssjóð. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með það ef samþykkt verður.

Rætt var um að ýta eftir að fá fyrirlestrana frá Málþinginu til að setja á heimasíðuna og ákveðið var að stefna að því að hafa aftur málþing á næsta ári.

Þóra sagðist hafa ýtt á eftir að hafa rekstrarstjórnarfund með Létti en fékk svar um að búið væri að halda hann. Þar sem fulltrúi ÍBA á að sitja þann fund þótti rétt að hún heyrði í Íþróttfulltrúa með málið.

Ákveðið var að sendur yrði póstur og félögin hvött til að nýta tilboð Samskips með jólapakkana þar sem ágóðinn fer til barna - og unglिंगastarfs.

Haukur óskaði eftir tilnefningum til heiðursveitinga.

Fundi slitið kl. 17.35

Margrét Ólafsdóttir, ritari